

Jafnlaunastefna RML

Jafnlaunastefna RML er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir alla starfsmenn félagsins. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85:2012, kafla 4.2. RML skuldbindur sig til að fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem félagið undirgengst varðandi meginregluna um að öllum kynjum skuli vera greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

RML greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna RML að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. RML fylgir öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvörðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur RML sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. RML hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund, eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Umsjónamaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfi RML og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt.

Samþykkt af framkvæmdastjóra þann 28.2.2022